

Haldið er dómþing aga- og úrskurðarnefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) 20. febrúar 2019.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. 3/2019  
Körfuknattleiksdeild ÍR  
gegn  
Körfuknattleiksdeild Vals

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR

### I.

Mál þetta var upphaflega mótttekið á skrifstofu KKÍ þann 6. febrúar 2019. Kærandi er körfuknattleiksdeild ÍR, kt. 510788-2069, Skógarseli 12, 109 Reykjavík,

Kærður er leikur ÍR og Vals í Íslandsmóti drengjaflokks sem fram fór í Hertz Hellinum þann 5. febrúar 2019.

Kærði er körfuknattleiksdeild Vals, kt. 670269-2569, Hlíðarenda, 101 Reykjavík

Kærða var veittur frestur til að skila greinargerð í málinu með vísan til ákvæðis 4. mgr. 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál og barst greinargerðin þann 8. febrúar 2019.

Undir rekstri málsins óskaði aga- og úrskurðarnefnd eftir greinargerð dómara leiksins.

### II.

#### Dómkröfur

Kærandi krefst þess að úrslit leiks ÍR og Vals í drengjaflokki þann 5. febrúar 2019 verði felld úr gildi og að leikurinn verði endurspilaður.

Kærði ber fyrir sig aðildarskorti.

### III.

#### Atvik máls

Kærandi lýsir atvikum máls með eftirfarandi hætti: „Málavextir eru þeir að þriðjudagskvöldið 5. febrúar sl. spiluðu drengjaflokkar ÍR og Vals leik í Íslandsmóti í Hertz Hellinum. Leikurinn endaði 80-88 Val í vil eftir framlengingu en staðan var jöfn 76 – 76 að loknum venjulegum leiktíma.

Kæra málsins á rót sína að rekja til atviks í fjórða leikhluta. Í stöðunni 54 – 57 er brotið á leikmanni ÍR nr. 12 og honum veitt tvö vítaskot. Leikmaðurinn skorar úr fyrra vítaskotinu (55 – 57) og einnig úr því síðara (56 – 57). Eftir að síðara skotið blés annar dómari leiksins af ókunnum ástæðum í flautu sína og gaf í kjölfarið bendingar um að karfan væri lögleg. Þessu til staðfestingar vísast til meðfylgjandi myndbands (0:00 – 0:35 mín). Leikstaðan á þessum tímapunkti hefði því með réttu átt að vera 56 – 57 Val í vil. Stigaklukkan í rjáfri íþróttahússins sýndi þessa stöðu.

Þegar leikskýrsla er skoðuð kemur aftur á móti í ljós að ritari leiksins mistúlkaði áðurlýstar handabendingar dómarans með þeim afleiðingum að hann skráði síðara vítið ekki sem löglega körfu heldur sem brennt víti. Því til staðfestingar vísast til meðfylgjandi afrits af leikskýrslunni. Þar sem stigaklukkan sýndi rétt stigaskor tóku þjálfarar, leikmenn eða áhorfendur ekki eftir þessum mistökum og í raun ekki fyrr en að leik loknum þegar myndbandsupptaka var borin saman við skýrslu leiksins.

Á það skal bent að í stöðunni 58 – 63 fyrir Val (samkvæmt „raunstöðu“ og stigatöflu) réðist leikmaður ÍR nr. 8 að körfu Valsmanna þegar á honum var brotið í skottíraun. Leikmaðurinn skoraði úr skottírauninni (60 – 63) svo úr varð að honum var veitt eitt vítaskot. Leikmaðurinn skoraði úr vítaskotinu og hefði staðan með réttu átt að vera 61 – 63 Val í vil. Aftur á móti færði stigavörður leiksins ekki vítastigið á stigatöfluna. Að leik loknum gaf stigavörðurinn þá skýringu að hann taldi að ÍR væru með einu stigi meira en þeir ættu að vera með. Ástæðan er sú að fram að þessum tímapunkti fylgdu stigaskor samkvæmt leikskýrslu og stigaklukkan ekki hönd í hönd. Samkvæmt leikskýrslu var ÍR með einu stigi minna en liðið hafði raunverulega skorað og fært var réttilega til bókar á stigaklukkuna. Misræmið er sannanlega að rekja til þess sem að framan greinir, þegar skýrsluritari urðu á mistökun þegar hann skráði síðara víti leikmanns nr. 12 sem misheppnað skot meðan klukkuvörður færði stigið á leikklukkuna.

*Þrátt fyrir að leikmaður ÍR nr. 8 hafi bent öðrum dómara leiksins á að stigið eftir vítaskotið hafi ekki verið fært á stigaklukkuna þá aðhafðist dómarinn ekkert. Sjá mín 1:51 – 2:16 meðfylgjandi myndbands. Af myndbandinu heyrst m.a. einn áhorfenda kalla til dómara að eitt stig vanti á töfluna. Úr varð að leiknum var haldið áfram samkvæmt stöðunni 60 – 63 í stað 61 – 63 líkt og hún raunverulega var. Staðan eftir venjulegan leiktíma átti því að vera 77 – 76 fyrir ÍR en ekki 76 – 76.”*

Í andsvörum kærða kemur fram um atvik máls að kæran lúti að framkvæmd leiks ÍR og Vals, sem fram hafi farið í Seljaskóla, á heimavelli ÍR og skv. útgefnu leikjaplani KKÍ. Dómarar leiksins hafi verið á vegum KKÍ og borið ábyrgð á dómgæslu leiksins, sem hafi byrjað á réttum tíma og farið fram skv. reglum KKÍ. Umgjörð leiksins hafi verið á ábyrgð körfuknattleiksdeildar ÍR, sem hafi útvegað menn á ritaraborð, í tímavörslu og á skotklukku í samræmi við venju.

Þá segir um málsatvik að lið kærða hafi komið til leiks á uppgefnum tíma, spilað leikinn skv. reglum KKÍ og hafi ekki látið kappið bera fegurðina ofurliði. Liðið hafi hagað leik sínum skv. upplýsingum sem veittar voru frá umsjónaraðilum leiksins, dómurum, leikskýrslu og leikklukku. Kærði hafi unnið leikinn 80-88 og að leik loknum verið afhent gul leikskýrsla sem undirrituð hafi verið af dómurum og ábyrgðaraðilum leiks.

Aga- og úrskurðarnefnd barst jafnframt greinargerð dómara um atvik leiks, sem lýst var með eftirfarandi hætti: *„Í stöðunni 54-57 fær leikmaður númer 12 hjá ÍR tvö vítaskot. Eftir heppnað fyrra vítaskot tekur leikmaður seinna skotið. Við framkvæmd vítaskotsins stígur einn leikmaður ÍR sem var staðsettur hægra megin við skotmann of fljótt inn í vítateig. Boltinn skoppar á hringnum og frá sjónarhorni dómara leit út eins og boltinn myndi fara af hringnum en ekki ofan í körfuna. Undirritaður flautaði því leikbrot en boltinn fór hinsvegar ofaní körfuna og gaf undirritaður því strax merki að karfan væri gild með ítrekaðri handabendingu um körfu góða. Leik var svo haldið áfram með innkasti undir körfunni. Stigin voru sett á stigatöfluna og taldi undirritaður að ritaraborð hefði skilið bendingu rétt og leikurinn hélt áfram. Undirritaður bendir einnig á að þjálfari Vals benti strax á að karfan ætti að gilda.*

*Seinna í leiknum þegar undirrituðum var bent á að stig vanti af leikmanni ÍR á töflu gengur hann að ritaraborði og ræðir við starfsmenn*

*ritaraborðsins. Hann fékk þau skilaboð frá ritaraborði að einu stigi hafi verið ofaukið á stigatöflu en það hafi verið leiðrétt. Við yfirferð á skýrslu tók undirritaður ekki eftir þessum mistökum og stemmdi skýrsla við stigatöflu á þeim tímapunkti þegar færi gafst að fara yfir skýrsluna.”*

Afstaða dómara til málsatvika kom fram í greinargerð dómara til aga- og úrskurðarnefndar: „Okkar afstaða er að þessi mistök hafi átt sér stað og eitt stig ÍR hafi ranglega ekki verið skráð á skýrslu. Á ritaraborði ÍR var reyndur starfsmaður framkvæmd leiksins fyrir utan þetta atvik til fyrirmyndar. Aldrei í leiknum þurftu dómarar t.d. að hafa afskipti vegna ranglega endursetningu á skotklukku.”

Aga- og úrskurðarnefnd barst jafnframt leiksskýrsla leiksins sem og myndband af hinum kærðu atvikum.

#### **IV.**

##### **Málsástæður og lagarök kæranda**

Kærandi byggir á því að starfsmenn leiksins, dómarar og skýrsluritari, hafi gert augljós mistök sem hafi leitt til þeirrar niðurstöðu að stigaskor kæranda hafi ekki verið rétt við lok venjulegs leiktíma. Mistökin hafi falist í því að eitt stig, sem leikmaður ÍR nr. 12 skoraði úr vítaskoti sínu í stöðunni 55-57, hafi ekki verið fært til bókar sem gild karfa heldur misheppnuð skottílaun. Þetta fari gegn gr. 16.2.1 og gr. 48.1 leikreglna í körfuknattleik frá 1. október 2017. Þetta eina stig hefði nægt til að sigr leikinn miðað við stigaskor að loknum 40 mínútna leik. Mistökin hafi hins vegar ekki uppgötvast fyrr en eftir leikinn þegar myndbandsupptaka hafi verið skoðuð og borin saman við leikskýrslu.

Kærandi telur að augljós sanngirnirök leiði til þess að krafa kæranda um ógildingu leiks og að leikur verði spilaður að nýju, verði tekin til greina. Kærandi og leikmenn liðsins eigi ekki að þurfa að gjalda fyrir mistök starfsmanna leiksins með þeim hætti að ósigur hljóttist af og að sama skapi sé mikil ósanngirni fólgin í því að kærði sigri leik fyrir mistök starfsmanna. Því felist sanngjarnt uppgjör og heiðarlegar lyktir fyrir alla hlutaðeigandi verði fallist á kröfugerð kæranda.

Kærandi tekur fram að honum séu ekki kunnar upplýsingar um nákvæma stöðu leiktíma þegar mistökin voru framkvæmd. Af þeirri ástæðu sé kröfugerðin með þeim hætti að leikurinn í heild verði spilaður aftur.

Kærandi tekur fram samhengisins vegna að hann telji að mistökum dómara og starfsmanna ritaraborðs verði ekki jafnað við þær aðstæður þegar dómari kveður sannanlega upp einstaka rangan dóm. Kæranda hafi ekki gefist kostur á því að átta sig á mistökunum fyrr en að leik loknum og með aðstoð myndbandsupptöku. Mistökin hafi að mati kæranda verið öllum hulin nema skýrsluritara.

## V.

### Málsástæður og lagarök kærða

Kærði byggir á því að vera ekki aðili að málinu með neinum hætti þar sem kærði hafi ekki borið ábyrgð á framkvæmd leiksins. Kærði hafi ekki skoðað umrætt atvik, né önnur skráð eða óskráð atvik leiksins, eða samskipti dómara við ritaraborð.

Þá segir í greinargerð kærða að það sé alkunna öllum þeim sem koma að körfuknattleik og sem komi fram í grein 44.2.6 að „*Ekki er hægt að leiðrétta mistök eftir að aðaldómari hefur undirritað leikskýrslu.*” Þá komi fram í grein 44.2.7 að „*[d]ómarar geti hvenær sem er, áður en aðaldómari undirritar leikskýrsluna, leiðrétt öll mistök ritara eða tímavarða eða skotklukkuvarðar við skráningu stiga, fjölda villa, fjölda leikhléa, tíma á leikklukku og skotklukku sem liðinn er eða vantar uppá.*”

Að mati kærða teljist leikur, og öllum afskiptum af leik, lokið við undirritun aðaldómara á leikskýrslu skv. grein 44.2.6, og því sé ógerningur að átta sig á hvaða afleiðingar það hefði ef hægt væri að leiðrétta möguleg mistök í skráningu leiks, dögum eða vikum síðar.

Kærði ítrekar að lokum aðildarskort sinn í ljósi þess að ÍR hafi borið ábyrgð á framkvæmd leiksins og KKÍ hafi borið ábyrgð á dómgæslu.

## VI.

### Niðurstaða

Kæra körfuknattleiksdeildar ÍR lýtur að „*framkvæmd leiks*” svo sem fram kemur í greinargerð kæranda. Kærinni er beint að körfuknattleiksdeild Vals sem mótherja í leik ÍR og Vals sem fram fór á heimavelli kæranda þann 5. febrúar sl. Meginkrafa kæranda er að úrslit leiksins verði felld úr gildi og að leikurinn verði endurspilaður.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál (reglugerðin) hefur aga- og úrskurðarnefnd KKÍ fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda Körfuknattleikssambands Íslands.

Í 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál er að finna sérstakar málsmeðferðarreglur vegna kærumála. Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar, skal formaður taka afstöðu „*hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávísun með úrskurði*“ áður en mál er lagt fyrir næsta fund aga- og úrskurðarnefndar.

Formkröfur sem gerðar eru til kæru er m.a. að finna í framangreindri 7. gr. reglugerðarinnar. Í 1. mgr. 7. gr. kemur fram að sá einstaklingur eða félag, „*sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti*“ hafi rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ. Ljóst er að framkvæmd leiksins var í höndum kæranda sjálfs, sbr. 1. og 2. másl. 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót. Á það ber hins vegar að líta að kröfur kæranda lúta að úrslitum leiksins og mögulegri endurtekningu hans, sem kærandi hefur hagsmuni af. Að mati aga- og úrskurðarnefndar verður því fallist á að ákvæði 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt og að kæranda sé tækt að höfða málið þrátt fyrir að hafa verið ábyrgur fyrir framkvæmd leiks. Kærinni er jafnframt réttilega beint að kærða, enda hefur kærði ótvírætt hagsmuni af efnislegri niðurstöðu kærunnar. Kærandi gerir á hinn bóginn ekki grein fyrir formlegum lagagrundvelli kæru sinnar, sbr. f. lið 3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Að mati nefndarinnar er það ámælisvert, en þó ekki svo að slík vanreifun skuli leiða til frávísunar í þessu máli.

Í ákvæði a. liðar 12. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd segir að aga- og úrskurðarnefnd KKÍ geti í úrskurðarorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um að úrskurðað leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra. Er því ljóst að aga- og úrskurðarnefnd hefur í þessu máli framangreindar heimildir til viðurlaga.

Í grein 44.2.6. í leikreglum í körfuknattleik segir að dómara geti hvenær sem er, áður en þeir undirrita leikskýrsluna, leiðrétt öll mistök ritara eða tímavarðar og skotklukkuvarðar við skráningu stiga, fjölda villna, fjölda leikhléa, og tíma á leikklukku og skotklukku sem liðinn er. Síðan segir í gr. 44.2.6. að ekki sé hægt að leiðrétta mistök eftir að dómari hefur undirritað leikskýrsluna.

Aga- og úrskurðarnefnd telur að framangreind meginregla sé ein mikilvægasta grundvallarregla sem gildi um körfuknattleiksleiki. Að mati

nefndarinnar verða undantekningar frá henni að styðjast við afdráttarlaus gögn og rök. Þannig verða mistökin að vera mjög alvarleg og sýnt fram á, án nokkurs vafa, að þau hafi með beinum hætti leitt til rangra úrslita.

Það er mat aga- og úrskurðarnefndar að framkvæmd hins kærða leiks var ekki með eðlilegu móti. Sýnt hefur verið fram á að stigaskráning á leikskýrslu var áfátt eða sem nemur einu stigi sem vantaði hjá liði kæranda í lok venjulegs leiktíma. Dómurum leiksins yfirsást þessi mistök. Um er að ræða mjög alvarleg mistök.

Mistökin verða hins vegar í upphafi fjórða leikhluta, skv. leikskýrslu, þegar u.þ.b. níu mínútur eru eftir af leiktíma, svo sem greina má af myndbandsupptöku sem fylgdi greinargerð kæranda. Ómögulegt er því að meta hver áhrifin hefðu verið á leik liðanna og þ. af l. á úrslit leiksins, ef stigaskor kæranda hefði verið rétt skráð allan leikinn. Með vísan til þess, og þrátt fyrir að um mjög alvarleg mistök sé að ræða, er það mat aga- og úrskurðarnefndar að ekki hafi verið sýnt fram á, án nokkurs vafa, að mistökin hafi með beinum hætti leitt til rangra úrslita. Er því kröfum kæranda í máli þessu hafnað.

### **ÚRSKURÐARORÐ**

Kröfu ÍR um að felld verði úr gildi úrslit leiks ÍR og Vals í drengjaflokki sem fram fór í Hertz höllinni þann 5. febrúar 2019 og að leikurinn verði endurspilaður, er hafnað.

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson  
formaður

Björgvin Halldór Björnsson  
varaformaður

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir  
varaformaður

Kristinn G. Kristinsson    María Káradóttir    Birkir Guðmundarson

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðurinn skal birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðamál.

Heimilt er að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls KKÍ samkvæmt ákvæði 1. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.